

# HJARTAVERND



18. ÁRG. 2. TBL. 1981



# Réttur binn...

til bóta

Tryggingastofnunar ríkisins,  
hver er hann? Svarið er að finna í  
bæklingum okkar. Biðjið um þá.

**ELLI**  
LÍFEYRIR

**BÆTUR**  
TIL EKKNA EKKLA OG  
EINSTÆÐRA FORELDRA

SLYSA-  
**BÆTUR**

**TANN-**  
LÆKNINGAR

ATVINNULEYSISBÆTUR Í  
**FÆÐINGAR**  
ORLOFI

ÖRORKU-  
**BÆTUR**

TRYGGINGASTOFNU  
RÍKISINS

TRYGGINGASTO  
RÍKISINS

SJÚKRA  
**BÆTUR**

TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

**Tryggingastofnun ríkisins**

# HJARTAVERND



18. ÁRGANGUR  
2. TÖLUBLAÐ  
DESEMBER 1981

## EFNISYFIRLIT:

ERU HJARTA- OG ÆÐASJÚKDÓMAR Á UNDANHALDI	1
SKURÐLÆKNINGAR VIÐ ARTHROSU Dr. Gunnar Þór Jónsson	3
UM HJARTAVERND OG HJARTAVERNDARMÁL Viðtal við dr. Sigurð Samúelsson sjötugan	7
ÁRSSKÝRSLA RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR	13
HJARTAKVEISA	17
OF LÁGUR BLÓÐSYKUR Marjorie Baldwin læknir	19

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK HJARTA- OG  
ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRN: SNORRI P. SNORRASON, NIKULÁS  
SIGFÚSSON OG STEFÁN JÚLÍUSSON

AFGREIÐSLA BLAÐSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR,  
LÁGMÚLA 9, 3. HÆÐ - SÍMI 83755

SETNING, UMBROT, FILMUVINNA OG PRENTUN:  
SVANSPRENT HF.

KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.  
GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

## Eru hjarta- og æðasjúkdómar á undanhaldi?

Ný rannsókn Hjartaverndar í samvinnu  
við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina.

Undanfarin ár hefur þess orðið vart í nokkrum löndum að dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma – einkum kransæðastíflu og slags (heilaæðabilunar) – hefur lækkað verulega. Í Bandaríkjunum hefur þessi lækkun orðið allt að 25% meðal kvenna en nokkru minni meðal karla. Af öðrum löndum þar sem svipaðrar lækkunar hefur gætt má nefna Sviss, Kanada, England, Wales, Skotland, Frakkland og Nýja-Sjáland.

Í Svíþjóð og á Ítalíu hefur lækkun orðið meðal kvenna, en nokkur aukning meðal karla.

Vitað er um ýmsa áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma og eru sigarettureykingar, háprýstingur og hækkuð blöðfita taldir þeirra mikilvægastir. Í mörgum löndum hefur verið unnið skipulega að því að reyna að minnka þessa áhættuþætti, t.d. með reykingavörnum, fræðslu um mataræði, bættri meðferð á blöðþrýstingi o.s.frv. Svo virðist sem þessar aðgerðir hafi borið árangur, þ.e. tekist hefur að draga úr þessum áhættuþáttum.

En stafar þá minnkuð dánartíðni í hjarta- og æðasjúkdómum af þessum fyrirbyggjandi aðgerðum? Þessari spurningu er ekki hægt að svara afdráttarlaust eins og sakir standa, því ýmsar aðrar skýringar gætu komið til greina, t.d. bætt meðferð.

Hjarta- og æðasjúkdómar valda nú um helmingi allra dauðsfalla meðal margra þjóða auk þess að valda oft og tíðum meiri eða minni örorku þeirra sem lifa af áföll (kransæðastíflu eða slag) í þessum sjúkdómum.

Vitneskja um það, hvort tíðni þessara sjukdóma er að breytast og ef svo er, þá af hverju, er því augljóslega mjög mikilvæg.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur því ákveðið að hefja viðtæka rannsókn til að afla slíkrar vitneskju. Í október s.l. var haldinn í Genf fundur stofnunarinnar og lækna frá 22 þjóðlöndum til þess að undirbúa og skipuleggja þannig rannsókn. Á s.l. sumri leitaði Alþjóðaheilbrigðisstofnunin til landlæknis um þátttöku Íslands í þessari rannsókn. Að tilhlutan landlæknis sötti yfirlæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar fund þennan í Genf af Íslands hálfu.

Á fundinum var gerð ítarleg áætlun um hina fyrirhug-  
uðu rannsókn. Helstu atriði hennar eru þessi:

- 1) Skráð verði öll tilfelli kransæðastíflu og slags á hverju rannsóknarsvæði næstu 10 ár.

- 2) Gerð verði þrívegis á þessu tímabili könnun á ca. 3.000 manna úrtaki á vissum áhættuþáttum (reyk-ingum, blóðfitu, blóðþrýstingi).

Gert er ráð fyrir að rannsóknarhópurinn í hverju landi þurfi að vera um 200.000 manns, en stærð hans ákvárdast aðallega af því hver dánartíðin er í landinu í umræddum sjúkdómum og hve örar breytingar verða á henni.

Fyrhugað er að rannsóknarhópurinn í hverju landi verði það stór að hægt verði að finna 2% breytingu á dánartíðni á ári.

Það er ljóst að hér er um að ræða mjög umfangsmikið rannsóknarverkefni en að sama skapi mikilvægt. Niðurstöður þessara rannsókna munu skapa traustari grundvöll en áður hefur þekkt til að byggja á varnaraðgerðir gegn hjarta- og æðasjúkdómum.

Hjartavernd hefur því ákveðið að gerast þátttakandi í þessu alþjóðlega rannsóknarverkefni og er stefnt að því að rannsóknin hefjist þegar á næsta ári.

Til þess að rannsókn sem þessi takist vel, þarf Hjartavernd á stuðningi og velvilja fjölmargra aðila að halsa svo sem stjórnvalda, heilbrigðisstéttu og allra þátttakenda í rannsókninni.

Hingað til hefur rannsóknarstarfsemi Hjartaverndar notið slíks stuðnings. Er það von þeirra sem fyrir þessari rannsókn standa að svo verði einnig um þetta verkefni, bannig að takast megi að leysa það vel af hendi. N.S.

*Dr. Gunnar Þór Jónsson er fæddur í Grindavík en ólst upp í Reykjavík frá eins árs aldri. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1962. Læknaprófi lauk hann árið 1969. Hann var kandidat við spítalann á Akranesi næsta ár og annað ár var hann læknir í Búðardal. Árið 1971 fór hann til Svíþjóðar til framhaldsnáms. Í Svíþjóð dvaldist hann í 9 ár, fyrst 3 ár í Jönköping en síðan 5 ár í Lundi. Sérgrein hans er bæklunarskurðlæknigar. Á síðasta vori varði hann doktorsritgerð sína um gerviliðaaðgerðir í hnjam. Ritgerðina varði hann í Lundi. Dr. Gunnar Þór Jónsson er nú starfandi sérfræðingur á bæklunarlækningsgádeild Landspítalans.*



# sólblómaolía

Inniheldur a.m.k: 67%  
fjölómettaðar fitusýrur

Sólblómaolía er sérlega góð til steikingar, baksturs, í mayonnaise, alls konar salöt og dressinga.

Sólblómaolía fæst í næstu matvöruverslun.

smjörlíki hf.



D. Gunnar Þór Jónsson læknir:

## Skurðlækningar við arthrosu


### Inngangur.

Arthrosa eða slitgigt er algengastur allra liðsjúkdóma. – Fjallað var um orsakir og tíðni sjúkdómsins í síðasta tölublaði Hjartaverndar.

Arthrosa er venjulega hægfara en áframhaldandi (progressívur) sjúkdómur og verulegra einkenna fer ekki að gæta fyrir en eftir firrmugt.

Hefðbundin meðferð með lyfjum, minnkuðu á lagi og sjúkraþjálfun dugir oftast allvel í fyrstu, en þar sem meðferðin beinist einungis að því að minnka einkenni (symptomatis) en ekki að orsök sjúkdómsins, sem oftast er ókunn, eykst slitið í viðkomandi lið hægt og sígandi og veldur þannig vaxandi bæklun með hreyfingarhindrun og stöðugum sársauka.

Ljóst er að í þjóðfélögum, sem á Ís-




1. mynd: Kyn og aldursdreifing sjúklinga sem undirgengust gerviliðaaðgerðir í hnjam vegna slitgigtar.

landi, þar sem meðalaldur hefur hækkað verulega, yrði fjöldi sjúklinga sem býr við bæklun af völdum arthrosu verulegur ef ekki væri völ á annarri meðferð.



Allt fram á síðustu ár voru skurðlækningar við arthrosu í liðum nær eingöngu bundnar við tvennis konar aðgerðir. Annars vegar „ræstingu“ á liðum sem fölgin var í brottnámi liðmúsa, skemmdra liðþófa o.s.frv., og hins vegar staurliðaaðgerðir. Fyrri aðgerðin hafði mjög takmarkað notagildi þótt

mismunandi væri en staurliðaaðgerð er mjög örugg til að losa sjúkling við sársauka frá lið en hefur þann annmarka að fela í sér styttingu á viðkomandi ganglim og hreyfingarhindrun.

Á sl. 20 árum hefur orðið bylting í skurðlækningum við arthrosu, einkum í stóru burðarliðunum, mjöðmum og hnjam, þar sem sjúkdómurinn er algengastur og alvarlegastur. Eins og sést á mynd 1 er meðalaldur sjúklinga sem undirgangast nútíma gerviliðaaðgerðir nálægt 70 árum.



2. mynd: „Ultra-hrein skurðstofa“. Skurðstofulíð inni í búrinu er klætt sérstaklega péttum búningum með „geimferðarhjálma“ á höfði.



3. mynd: Charnley gerviliður í mjöðm. Lærleggshlutinn er úr málmi með líttilli liðkúlu á endanum. Liðskál-in er úr plastefni (polyethylene).

4. mynd: Röntgenmynd af sjúklingi með arthrosu (slitgigt) í báðum mjöðnum. Liðbil (brjósk) eru uppurin og nærliggjandi bein mjög þétt.

5. mynd: Sömu mjaðmir eftir gerviliðaaðgerðir. Umhverfis gerviliðafletina má sjá beinsementið.

## Nýjungar.

Skurðaðgerðir til endurnýjunar skemmdra liðflata (arthroplastic) með notkun lifrænna og ólifrænna efna hafa verið reyndar allt frá því á öndverðri 19. öld. Árangur var lengi framan af hins vegar líttill sem enginn, einkum vegna sýkingarhættu við liðaaðgerðir og skorti á efnum er þoldu tæringu líkamsvefjanna og líkaminn þoldi. Til að ná viðunandi árangri við gerviliðaaðgerðir skipta eftirtalin 4 atriði mestu mál:

- Öflugar sýkingarvarnir.
- Nothæf efni í gerviliði.
- Festing gerviliða við bein.
- Hönnun nothæfра gerviliða.

Lausn þessara vandamála er nú staðeynd. Á síðustu árum hefur sýkingarhættan við staurliðaaðgerðir minnkað verulega og telst nú orðin þolanleg fyrir tilstilli margra samverkandi þáttu. Tilkoma penicillins og síðar öflugra fúkkalyfja ber þar hæst, en slík lyf eru nú gefin í fyrirbyggjandi skyni, fyrir, í og eftir aðgerð. Aðrir þættir eru betri skurðstof-

ur með yfirþrýstingi lofts og tíðum loftskiptum, svo og „ultra-hreinar“ skurðstofur sem eru eins konar búr þar sem síuðu lofti er blásið inn í og skurðstofuliðið er klætt sérstaklega þéttum fótum, ber geimferðahjálma á höfði og útöndunarloft er sogið út í gegnum sérstakar slöngur (mynd 2). Þrátt fyrir allar þessar ráðstafanir er sýkingarhættan ekki alveg úr sögunni en er þó víðast hvar ekki meira en 1-5%.

Segja má að nú orðið sé til gnægð efna sem þola tæringu líkamsvefja og eru hentug til notkunar í gerviliði. Flestir slíkir liðir eru í dag gerðir annars vegar úr liðhlutum úr málmblöndu, þ.e.a.s. ryðfríu stáli með blöndu af cobolt, chromium og nikkel. Liðflöturinn á móti málmfletinum er síðan oftast gerður úr plastefni (polyethylene) eða keramisku efni.


Til festingar gerviliðflatanna við bein hefur á seinni árum verið notast við svokallað beinsement (polymethylmethacrylate) en það er hrært saman í aðgerðinni úr dufti og vökva sem myndar deig er síðan harðnar á 7-8 mín.

Hönnun á nothæfum gerviliðum hef-

ur fleygt gífurlega fram síðasta áratuginn og kringum þær rannsóknir sem stundaðar hafa verið í þessu tilliti hefur bæst við enn ein grein innan læknisfræðinnar (biomechanic).

## Mjaðmarliðir.

Segja má að enski bæklunarskurðlæknirinn, sir John Charnley, sé faðir nútíma gerviliðaskurðlækninga. Hann byrjaði með tilraunir á gerviliðum í mjöðnum um 1962 og var fyrstur til að nota gervilið þar sem báðir liðfletir voru endurnýjaðir (total arthroplastic) og leitaðist við að finna efni er höfðu lága núningsmótstöðu (low friction arthroplasty) en hann notaði liðskál úr plasti (polyethylene) og liðkúlu úr málmi, sjá mynd 3. Hann var einnig frumkvöðull á sviði sýkingarvarna og náði undraverðum árangri. Við stofnun hans í Brightington voru einnig fyrst notaðar ultra-hreinar skurðstofur. Aðgerðir þessar voru framkvæmdar nær einungis við þetta sjúkrahús fyrstu 2-3 árin en breiddust síðan ört út. Síðan þá hafa orðið ýmsar minni háttar framfarir í



6. mynd: Hnégerviliður (total condylar). Lærbeinsliðhlutinn er úr málmi en liðhluti legs Úr plastefni.

7. mynd: Arthrosa í hné sem er mest innanfótar og gerir sjúkling hjólbainóttan. Liðbil uppurið og þéttинг á nærliggjandi beini.

8. mynd: Sama hné eftir gerviliðaaðgerð. Hér hefur einnig verið skipt um liðflöt hnéskeljar.

hönnun á gerviliðum fyrir mjaðmir og ýmsum öðrum minni háttar þáttum, en í höfuðatriðum er tæknin við þessa aðgerð óbreytt víðast hvar.

### Hnéliðir.

Hnéliðurinn er mun flóknari og margbreytilegri liður en hinn kúlulag-aði mjaðmarliður enda hafa gerviliðaaðgerðir á hné átt mun erfiðara uppráttar en mjaðmarliðaaðgerðirnar. Reyndar var byrjað mun fyrr á slíkum hnéliðaaðgerðum, bæði í Svíþjóð og Frakklandi, þegar eftir 1950. Hér var um að ræða stóra hjöruliði sem stundum reyndust vel um skemmri tíma, en reynslan sýndi að mikil hætta var á losi á þessum liðum frá beini svo og hægsara sýkingu sem olli því að þessi tegund hnégerviliðar breiddist aldrei verulega út. Það var ekki fyrr en að einn af lærisveinum Charnleys, kanadamaðurinn Frank Gunstone, hannaði lið sem byggður var á grundvallarhugmyndum Charnleys, – með annan liðflötinn úr málmi og hinn úr plasti, að árangur fór

að nást við hnéliðaaðgerðirnar. Árangurinn var þó lengi framan af mun slakari en við mjaðmaraðgerðirnar, en samfara hönnun æ betri liða, einkum eftir 1975, hefur árangur farið árbatnandi og má nú teljast mjög vel viðunandi.

ar bæklunarskurðeildir hafa þá stefnu að fresta gerviliðaaðgerðum hjá yngri sjúklingum eins lengi og auðið er vegna takmarkaðs reynslutíma.

### Aðrir liðir.

Arthrosa er langalgengust í mjaðmar- og hnéliðum en gerviliðir fyrir aðra liði, s.s. grunnlið þumalfingurs, ökla-lið, axlarlið og olnbogalið, eru notaðir þótt í minna mæli sé.

### Horfur.

Rannsóknir á árangri gerviliðaðgerða í mjöðnum á 12-15 ára reynslutíma sýna að mjög góður árangur næst í upp undir 90% tilvika. Í u.b.b. 10% af mjöðnumunum hafa á þessum tíma komið upp ýmis konar vandamál, s.s. á gerviliðahlutum o.s.frv. Eftir aðgerðir á hnjam má gera ráð fyrir góðum árangri í 80-85% við núverandi aðstæður. Flest-

### Niðurlag.

Langlífí okkar Íslendinga veldur því að æ fleira fólk bæklast vegna arthrosu með hverju ári. Frá því að Bæklunar-lækningsdeild Landspítalans var stofnuð 1972 hafa verið gerðar liðlega 1000 gerviliðaaðgerðir í mjöðnum en ca. 60 aðgerðir á hnjam. Prátt fyrir þetta er eftirsprungin eftir slíkum aðgerðum hvergi nærrí fullnægt og segja má að meðal biótími til slíkra aðgerða sé u.b.b. 2 ár. Stórt átak er því framundan í þessum málum þar sem gróflega reiknað virðist vera þörf fyrir a.m.k. 150 sjúkrarúm fyrir bæklunarskurðlækningsar á Íslandi en pau eru einungis 60-70 í dag.



Tannburstar, allar gerðir, tannþráður  
disclosing töflur, munnspeglar og margt  
fleira til tannhirðu.

Tannlæknar mæla með BUTLER vörum.

**sanodent**

**TANNSTÖNGLAR.**

Einu rétt hönnuðu tannstönglarnir  
á markaðnum í dag.

**Einkaumboð á Íslandi**



Hraunteig 23  
Sími 30606 og 37515

# Um Hjartavernd og hjartaverndarmál

*Viðtal við dr. Sigurð Samúelsson prófessor sjötugan.*


Dr. Sigurður Samúelsson prófessor varð sjötugur 30. október síðastliðinn. Ekki fer á milli mála að hann var frumkvöðull að stofnun hjarta- og æðaverndarfélaganna og landssamtaka þeirra, Hjartaverndar. Hann var fyrsti formaður Hjarta- og æðaverndarfélags Reykjavíkur sem er elsta félagið og formaður Hjartaverndar, landssamtakanna, hefur hann verið frá stofnun þeirra. Það er því vel við hafi að birta í þessu riti viðtal við hann sjötugan. En áður en snúið er að þeim atriðum sem venjulega eru inntak og aðalefni þessa rits er rétt að þjóðlegum hætti að inna hann eftir uppruna og uppvexti, námsferli og menntabraut.

Þú ert fæddur og uppalinn á Bíldudal, Sigurður. Tel-urðu þig þá Vestfirðing í húð og hár?

Já, víst verð ég að teljast það. Faðir minn, Samúel Páls-son, var að vísu Borgfirðingur en móðir míni, Guðný Árnadóttir, var arnfískr. Faðir minn settist að á Bíldudal sem skósmiður á vegum Péturs J. Thorsteinssonar. Brátt fór hann þó að vinna sjálfstætt og hafði 8 sveina í vinnu, smið-aði öll stígvel handa sjómönnum á útvegi Péturs og eins fyrir Færeyinga. Síðar setti hann upp verslun á Bíldudal. Já, Arnarfjörðurinn er mér kær, þar er ég uppalinn. Fyrir um það bil tíu árum eignaðist ég land í Trostansfirði og reisti þar sumarbústað. Þar dveljum við hjónin í sumar-leyfinu eins lengi og við getum.

Hvenær tókstu þá ákvörðun að verða læknir?

Það er nú saga að segja frá því. Ég fór í menntaskólann á Akureyri og þegar ég var í fjórða bekk var ég staðráðinn í að verða læknir. En þegar til kom var á þeim árum ekki talin mikil þörf á fleiri læknum í landinu. Ég varð því afhuga lækninum í fimmta og sjötta bekk. Þá ákvað ég að verða fiskiðnfræðingur og leitaði mér upplýsinga um nám í þeim fræðum í Noregi. Þangað hefði ég vafalaust farið eftir stúdentspróf ef atvikin hefðu ekki kippt í taumana. Í upp-lestrarfrí undir stúdentspróf veiktist ég illa af slæmri pest. (Ég þekki núna að þetta var inflúensa!) og lá alveg fram að prófi. Ég fór þó á fund Sigurðar skólameistara og sagðist vilja taka prófið þótt ólesinn væri. Hann lét það gott heita. Fyrsta prófið var skriflegt og eftir stutta stund var ég bor-inn út úr því meðvitundarlaus. Þá gaf skólameistari engin grið, skipaði mér að fara heim og jafna mig um sumarið en ég mætti koma aftur um haustið og taka prófið. Þetta gerði ég. En þá var búið með Noreg og fiskiðnfræðina svo ég inn-ritaðist í læknadeildina og hóf þar nám að loknu stúdents-



prófinu. Ég hafði í huga að ljúka heimspekinni og efna-fræðinni hvað sem síðar tæki við. Þetta var haustið 1932 og þegar til kom hélt ég áfram læknanáminu. Við vorum 22 sem hófum nám í læknadeildinni þetta haust, 7 okkar luku læknaprófi.

Fékkstu fljótt áhuga á hjartasjúkdómum?

Nei, alls ekki. Að loknu læknaprófi í janúarlok 1938 vann ég við héraðslæknisstörf í hálfan þriðja mánuðen fór síðan til Danmerkur í apríl þetta vor. Var ég kandidatsárið

í Vejle á Jótlandi og kom heim aftur vorið 1939. Þá gifti ég mig og við hjónin héldum til Kaupmannahafnar um haustið, einmitt í stríðsbyrjun. Ég hafði þá í huga að sér-hæfa mig á þann veg að ég gæti sótt um embætti héraðslæknis í Reykjavík eða á Akureyri, ekki ólíkt því sem nú kallast sérfræðinám í heimilislækningum. Þess vegna vann ég á ýmsum sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn næstu árin og varð sérfræðingur í almennum lyflækningum. Árið 1942 tók ég dansk embættislæknapróf. Ég dvaldist í Kaupmannahöfn öll stríðsárin eða alls sjö ár. Síðustu þrjú árin starfaði ég undir leiðsögn hins kunna og merka læknis professors Warburgs. Má segja að það hafi að nokkru verið fyrir áhrif hans eða atbeina að ég tók að fást við hjartasjúkdóma eftir að ég hafði lokið sérnámi í almennum lyflækningum. Ritaði ég doktorsritgerð mína um þá en hún fjallar um króniska hjartasjúkdóma af völdum langvinnra lungnasjúkdóma. Hana varði ég við Kaupmannahafnarháskóla vorið 1950.

Þú hefur samt alltaf ætlað þér að hverfa heim til Íslands þótt þú starfaðir svona lengi í Danmörku?

Já, alveg ákveðið. Ég kom heim í árslok 1946 og í ársþyrjun 1947 hóf ég störf, setti upp stofu og starfaði sem sérfræðingur í hjartasjúkdómum. Síðari hluta árs 1948 veiktist Pétur Magnússon lyflæknir á Landspítalanum og réðst ég þá þangað sem deildarlæknir. Þá var Jóhann Sæmundsson yfirlæknir á lyflækningadeild og professor. Stöðu Péturs var síðan slegið upp og var mér veitt hún 1. janúar 1950. Eftir látt Jóhanns Sæmundssonar tók ég við starfi professors og var skipaður í það 1. desember 1955. Hef ég gegnt því síðan. Ætlun minn var að hætta 1. september síðastliðinn en atviki höguðu því svo að ég verði starfinu til áramóta. Hef ég þá gegnt því i full 26 ár.

Voru hjartasjúkdómar algengir hér á landi þegar þú hófst hér störf sem sérfræðingur?

Nei, ekki virtist mér það. Mannslát af völdum krans-æðasjúkdóma voru þá tiltölulega fátið, miklu fátiðari en í nágrannalöndum. En þetta stóð ekki lengi. Á næstu tíu árum fjölgæði dauðsföllum af völdum hjarta- og æðasjúkdóma jafnt og þétt svo að um 1960 var allt útlit fyrir að þau yrðu álfika mörg og með nágrannaþjóðum okkar að áratug liðnum. Og um 1970 var um helmingur allra dauðsfalla hér á landi vegna þessara sjúkdóma, dauðsföll af heilablóðfalli þar með talin. Þetta ástand hefur heldur jafnast og lagast í eldri aldursflokkunum á síðasta áratugnum en mér virðist stöðug aukning á aldrinum 50-60 ára, vel að merkja hjá karlmönnum. Og enn er upp undir helmingur dauðsfalla hér á landi af þessum sjúkdómum.

Það hefur verið þessi aukning á hjarta- og æðasjúkdómum um og eftir 1960 sem hefur stuðlað að því að þú fórst að hugleiða hvernig snúast mætti til varnar?

Já, þetta líktist helst farsótt. Því varð það að ráði að nokkrir góðir borgarar í Reykjavík komu saman á fund til

að ráðgast um hvernig rannsaka mætti feril og þróun kransæðasjúkdóms og annarra hjarta- og æðasjúkdóma ef það gæti stuðlað að fyrirbyggjandi aðgerðum. Raunar var fyrsta skrefið í þessum efnunum að læknadeild Háskólangs bauð hingað til lands árið 1963 heimsfrægum bandarískum hjartasérfræðingi, dr. Paul Dudley White, til að flytja fyrirlestra í hátiðasal Háskólangs. Var salurinn troðfullur og eins voru viðtöl við hann í blöðum og útværpi. Hafði koma hans mikil áhrif.

Ári seinna, eða í apríl 1964, var svo fundurinn sem ég gat um áðan haldinn á Hótel Borg. Þar komum við saman níu talsins og voru forsætisráðherra Bjarni heitinn Benediktsson og borgarstjóriinn í Reykjavík Geir Hallgrímsson með íhópnum. A þessum fundi samþykktum við að byrja átakið með því að boða til almenns fundar um vandamálið. Þessi fundur var haldinn í Tjarnarbæ 25. apríl eða tíu dögum eftir að við komum saman níumennингarnir. Húsfullir var, um 400 manns, og talið að um 200 hefðu orðið frá að hverfa. Svona var áhugi fólksins fyrir málefnum. Þar flutti ég erindi um tíðni og orsakir hjartasjúkdóma. Síðan var gengið frá stofnun Hjarta- og æðaverndarfélags Reykjavíkur og stjórn kosin. Hana skipuðu: Sigurður Samúelsson formaður, Theódór Skúlason yfirlæknir ritari, Ólafur Jónsson lögmaður gjaldkeri, Eggert Kristjánsson stórkauptmaður og Pétur Benediktsen bankastjóri.

Óg síðan hélduð þið áfram að stofna hjarta- og æðaverndarfélög.

Já, já. Við fórum svo að segja um allt land. Vorið og sumarið 1964 voru stofnuð 16 félög í öllum landsfjórðungum og 2 voru síðan stofnuð sumarið eftir. Við höfðum svipaðan hátt á við stofnun allra félaganna. Boðað var til almenns fundar í byggðarlaginu, erindi flutt um hjartasjúkdóma og síðan gengið frá stofnun félagsins og stjórn kosin. Ég var mikið á ferðinni þetta sumar og mér var það mikið ánægjuefni hvað undirtektir voru góðar, bæði hjá lærðum og leikum. Jafnframt var samþykkt í stjórn Reykjavíkurfélagsins að gefa út fraðslu- og upplýsingarrit um hjarta- og æðasjúkdóma og önnur heilbrigðismál og kom fyrsta heftið út þegar á árinu 1964. Blaðið hlaut nafnið Hjartavernd en Snorri P. Snorrason yfirlæknir tók að sér að ritstýra því. Hann hefur verið ritstjóri alla tíð, einsamall með fyrstu fjóra árgangana en árið 1968 gerðist Nikulás Sigfusson yfirlæknir meðritstjóri hans og fyrir fjórum árum bættist Stefn Júliusson rithöfundur við svo að nú eru þeir þrír í ritstjórninni. Þetta er orðið mikið heilsufræðirit. T.d. hefur á fjórða tug lækna skrifð í það um sjúkdóma, lækningar og heilsufar, auk annarra höfunda og fjölda þýddra greina sem flestar eru eftir lækna.

Var það frá upphafi ætlun ykkar forvígismannanna að stofna samband hjarta- og æðaverndarfélaganna?

Já, það var alltaf ætlunin, enda leið ekki langur tími þar til landssamtökin voru stofnuð. Stofnfundur Hjartaverndar var haldinn 25. október 1964 og voru þar mættir

fulltrúar frá öllum aðildarfélögunum sem stofnuð höfðu verið. Auk þess mættu á fundinum heilbrigðisráðherra, borgarstjóri, landlæknir, borgarlæknir o.fl. gestir.

Fimmtán manna stjórn var kosin en hún kaus aftur 5 manna framkvæmdastjórn eins og löginn gera ráð fyrir. Fyrstu framkvæmdastjórn Hjartaverndar skipuðu: Sigurður Samúelsson formaður, Davíð Davíðsson ritari, Eggert Kristjánsson gjaldkeri, Óskar Jónsson og Pétur Benediktsson.

Vel á minnst, Hjartavernd, hvernig er það nafn til komið? Félöginn kölluðust fyrst hjarta- og æðasjúkdóma-varnafélög. Blaðið Hjartavernd heitir svo frá upphafi en fyrstu tveir árgangar þess eru gefnir út af Hjarta- og æðasjúkdóma-varnafélagi Reykjavíkur. Landssamtökum heita einnig Hjartavernd frá upphafi. Varð nafnið til með landsamtökunum?

Já, það var um það leytti. Okkur fannst upprunalega nafnið langt og óþjált í munni. Ég kom því að máli við minn gamla bekjkjarbróður úr menntaskóla, Halldór Halldórsson prfessor, og bað hann hugleiða nýtt nafn. Upp úr þeim viðræðum varð Hjartavernd fyrir valinu, Halldór verður því að teljast faðir nafnsins.

Það hefur verið hugmynd ykkar frá upphafi að stofna rannsóknarstöð?

Já, mikil ósköp. Við ræddum það strax í stjórn Hjarta- og æðaverndarfélags Reykjavíkur áður en við stofnuðum landssamtökin. En við rákumst þá strax á erfiðan þröskul, félagið átti engan sjóð en til þessara framkvæmda þurfti margar milljónir. Talað var við ráðherra og aðra valdamenn en þær viðræður skiluðu ekki árangri. Mönnunum var þó ekki í hug að gefast upp. Þegar framkvæmdastjórn Hjartaverndar hafði verið kosin var þeirri reglu á komið að halda fundi á ákveðnum degi. Aðalumræðuefninið á þessum fundum var að sjálfsögðu stofnun rannsóknarstöðvar. Einn stjórnarmanna kom þá fram með þá tillögu að bjóða til fundar um málið öllum helstu kaupsýslumönnum í Reykjavík og nágrenni. Þetta var nýstárleg hugmynd en hún var framkvæmd. Í febrúar 1965 komu saman til síðdegiskaffidrykkju í Gyllta salnum á Hótel Borg um 70 manns. Ég reifaði málið og skýrði frá fyrir-ætlunum framkvæmdastjórnar samtakanna um stofnun rannsóknarstöðvar en henni væri algerlega fjár vant. Undirtektir fundarmanna voru frábærar. Margir þeirra höfðu sjálfir orðið fyrir barðinu á hjartasjúkdómum eða þá starfsmenn þeirra eða skyldulið. Söfnuðust á fundinum losorð um röskar tvær milljónir króna, sem þá var mikið fé, og má telja þetta með eindænum í sögu félagasamtaka á landi hér. Þetta var þó aðeins byrjunin. Framkvæmdastjórn kaus sérstaka fjárlunarnefnd til frekari starfa og voru þessir menn í henni: Pétur Benediktsson bankastjóri, Eggert Kristjánsson stórkupmaður, Sigurliði Kristjánsson kaupmaður, Baldvin Einarsson framkvæmdastjóri, Helgi Þorsteinsson framkvæmdastjóri, Loftur Bjarnason útgerðarmaður og Kristján Jóh. Kristjánsson forstjóri.



Lágmúli 9. Hjartavernd á þrjár hæðir. Rannsóknarstöðin er á sjóttu hæð, fimmtra hæðin er leigð, á þridju hæð eru skrifstofur, geymslur og félagsaðstaða samtakanna en rúmur helmingur hæðarinnar er leigður út.

Allir reyndust þeir áhugasamir og duglegir í störfum en ég held að á engan sé hallað þótt ég segi hér að kjarninn í nefndinni var þrír þeir fyrsttöldu. Þeir voru hamhleypur í þessum verkum. Svo vel gengu störfin að á fyrsta aðalfundi samtakanna, 30. apríl 1966, höfðu safnast sex milljónir króna í reiðufé og loforðum. Það er sárt að þurfa að segja að allir þessir ágætu nefndarmenn eru nú látnir, flestir fyrir aldur fram. – Haustið 1965 var ráðinn framkvæmdastjóri samtakanna, Jóhann H. Níelsson lögmaður, en árið áður hafði verið tekið á leigu skrifstofuhúsnæði í Silla og Valda-húsinu Austurstræti 17. Þar var skrifstofan til húsa til haustsins 1978 og Jóhann var framkvæmdastjóri til ársins 1977 eða í 17 ár. Hann er enn lögmaður samtakanna.

Hvenær var svo farið að hugsa um húsnæðiskaup undir starfsemina?

Strax á árinu 1965. Þá voru fest kaup á tveimur hæðum í nýbyggingu sem Bræðurnir Ormsson voru að reisa við Lágmúla 9, efstu og næstefstu hæðinni. Það voru einkum og aðallega þeir Eggert Kristjánsson og Sigurliði Kristjánsson sem stóðu í samningagerð um kaup og útbúnað með góðu liðsinni Péturs Benediktssonar. Að sjálfsögðu var framkvæmdastjórnin með í ráðum um allan útbúnað stöðvarinnar, ásamt sérfræðingum. Framkvæmdastjórin, Jóhann H. Níelsson, var einnig með í öllum ráðum og gerðum. Byggingarframkvæmdir drögust að vísu lengur en við höfðum ætlað en snemma árs 1967 voru tveir læknar ráðir að stöðinni, Ólafur Ólafsson sérfræðingur í hjarta-

sjúkdóum sem yfirlæknir og Nikulás Sigfússon sérfræðingur í faraldsfræði og farsóttum. Jafnfram var Elínborg Ingólfssdóttir hjúkrunarfræðingur ráðin forstöðukona og Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur ráðinn forstöðumaður efnarannsóknarstöðvarinnar. Ólafur varð landlæknir haustið 1972 og þá var Nikulás ráðinn yfirlæknir og er hann það ennþá. Hann hefur því starfað við stöðina frá upphafi og sömuleiðis Þorsteinn Þorsteinsson. Nokkrum sinnum hefur verið skipt um forstöðukonu en núverandi forstöðukona er Sigríður Einvarðsdóttir hjúkrunarfræðingur. Starfsfólk er um 15, sumt í hálfu starfi.

Rannsóknarstöðin er til húsa á einni hæð, þ.e. þeirri sjötu, en strax í upphafi voru keyptar tvær hæðir. Var meiningerin með því að ráðrúm yrði til stækkunar stöðvarinnar?

Já, við gerðum okkur vonir um að starfsemin mundi aukast og því væri nauðsynlegt að hafa meira húsrými til umráða. Þegar séð varð að stöðin kæmst vel fyrir á sjöttu hæðinni eins og hún var skipulögð í byrjun var fimmta hæðin leigð. Þannig hefur hún frá upphafi verið bakhjarl og styrkur fyrir stöðina en að sjálfsögðu er enn opin leið að færa út kvíarnar ef möguleikar opnast til þess. Enn höfum við samt ekki haft bolmagn til þess. Raunar má segja það sama um þriðju hæðina sem samtökum keyptu árið 1973. Hún var keypt til að renna traustari stoðum undir starfsemina. Þangað fluttmu við skrifstofu samtakanna haustið 1978 en meira en helmingur hæðarinnar er leigður út. Öll starfsemi Hjartaverndar er því núna í sama húsi, að Lágmúla 9, og hefur það að vonum reynst hagkvæmt og haganlegt.

Hefur starfsemi stöðvarinnar verið með líku sniði og þið hugsuðu ykkur í upphafi?

Já, ég held ég megi segja það. Það var reynt að vanda til alls undirbúnings, rannsóknargrunnurinn lagður í samráði við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina og hann staðlaður á alþjóðavísu. Þetta er fyrsta og eina faraldsfræðileg rannsóknarstöð hér á landi og þótt megináhersla sé lögð á leit og rannsókn á einkennum hjarta- og æðasjúkdóma eru margir fleiri heilsufarsþættir með í myndinni. Um þetta vitna þær skýrslur og greinar sem birtar hafa verið og byggðar eru á rannsóknum stöðvarinnar. Á þeim 14 árum sem stöðin hefur starfað hafa verið gefnar út 14 skýrslur í bókarformi. Þær fjalla m.a. um blóðfitu, æðaþrengsli, blóðþrýsting, þvagsýru í blóði, sykursýki, gitarverkjareinkenni, hæð og þyngd, atvinnu, menntun og húsakynni, reykingavenjur o.fl. o.fl. Í gögnum rannsóknarstöðvarinnar er þannig ógrynni upplýsinga á tölvuspjöldum og í svörum við spurningalistum sem vafalaust eiga eftir að koma að miklu gagni fyrir heilbrigðispjónustuna.

Nú eru þáttakendur í almennu skoðuninni boðaðir bréflega samkvæmt úrtaki úr þjóðskrá. Hvernig hefur þáttakan verið hjá þessum rannsóknarhópum?

10 HJARTAVERND

Yfirleitt góð, svona 70-80% og stundum meira. Það þykir góð útkoma í svona rannsóknum. Þetta gildir jafnt um þá hópa sem boðaðir hafa verið af höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandsundirlendi til að mæta í rannsóknarstöðinni í Lágmúla og á þeim stöðum sem rannsóknar hafa verið framkvæmdar á úti á landsbyggðinni. Rannsóknarstöðvar hafa verið settar upp á alls 8 stöð um úti á landi og í öllum landsfjórðungum. Lætur nærrí að alls um sextíu þúsund einstaklingsskoðanir hafi verið framkvæmdar en hver þátttakandi kemur tvívar til skoðunar hverju sinni. Skipta má þessum þátttakendum í þrennt. Langstærstu hóparnir eru að sjálfsögðu þeir sem boðaðir eru bréflega samkvæmt úrtaki úr þjóðskrá. Þessir hópar eru boðaðir með þriggja ára millibili til athugunar samanburðar. Þá eru þeir einstaklingar sem koma sjálfkrafa til skoðunar samkvæmt tilvísun læknis. Misjafnt er milli ára hvað margir þeir eru en þeim fer fjölgandi og alveg sérstaklega á þessu ári. Þá eru starfshópar fyrtækja og starfsstéttir. Sumar stofnanir láta skoða starfsfólk sitt reglulega og er það að sjálfsögðu mjög virðingarvert. Einnig hafa stjórnir sumra verkalýðsfélaga sýnt mikinn áhuga á heilsufarsrannsókn félaga sinna hjá Hjartavernd. Þetta hefur verið reynt og gefið góða raun. Því miður hefur ekki verið hægt að halda þessu áfram vegna þess að fjárhagsgrundvöllinn hefur vantað. Málmiðnaðarmenn hafa sýnt mestan áhuga í þessum eftum og hefur formaður Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Guðjón Jónsson, lagt sig sérstaklega fram um að koma slíkri heilsufarsrannsókn á. Hann á þakkir skilið fyrir það. Er vonandi að samvinna takist milli vinnustéttu og Hjartaverndar um þessi mál því að það yrði tvímælalaust til mikilla framfara og hagsbóta. Slíkar rannsóknir féllu alveg inn í heildarskoðun Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar en mundu auk þess geta gefið vísbandingu um atvinnusjúkdóma vissra vinnustéttu. Þetta er því mikil þjóðhagslegt atriði.

Hvernig er rannsóknarstöðin rekin og hvernig gengur reksturinn?

Rannsóknarstöð Hjartaverndar er eign heildarsamtaka hjarta- og æðaverndarfélaganna og rekin af þeim. Hún er því sjálfstæð stofnun. Reksturinn hefur gengið upp og ofan eins og búast má við á verðbólgtínum. Það þarf mikil fé til að reka slíka stofnun með sérfræðingum og 15 manna starfslíði. Heildarkostnaður við rekstur stöðvarinnar var á síðasta reikningsári um 1.800.000 eða um 180 milljónir gamalla króna. Frálagríksins er um 730.000 krónur. Aðrar tekjur koma frá skoðunargjöldum, happdrætti, sölu minningarkorta og gjöfum. Mjög vel þarf að halda á fé til að ekkert fari úr skorðum. Það sem okkur svíður sárast er að stöðin er rekin með hálfum afköstum. Nærri lætur að á stöðinni fari fram um 30 skoðanir á dag en húsnæði og tæki leyfðu að skoðanir væru 50-60 ef fé væri fyrir hendi til að greiða fleira starfsfólk. Eins höfum við möguleika á stærra húsnæði fyrir stöðina eins og ég hef tekið fram. Ég tel það þjóðhagslega misráðið að stöðin skuli ekki nýtast til fulls.

Hvað viltu segja um framtíð rannsóknarstöðvarinnar?

Um þetta mætti ýmislegt segja. Mér virðist trúlegast að stöðin verði um sinn rekin á sama grundvelli og verið hefur, a.m.k. meðan samtökin eru það öflug að þau geta séð um reksturinn. Á undanförnum árum hef ég stundum hugleitt að svona rannsóknarstöð ætti að tengjast háskólanum og starfa í tengslum við læknadeildina. Óneitanlega kæmi það til greina. En á síðustu árum hefur komið í ljós að háskólinn hefur í svo mörg horn að líta og svo mikil uppbygging verður á hans vegum á næstu misserum að vafamál er hvort hann hefði tök á að sinna þessu verkefni sem skyldi. Samvinna við háskólanum um viss verkefni kæmi þó vel til greina. Hins vegar ætti slík rannsóknarstöð í rauninni að vera deild í hinu almenna heilbrigðiskerfi ef allt væri með felldu og gæti ég vel hugsað mér að svo yrði ef rétt og eðlilega væri á málum haldið. Þá væri unnt að sinna markvisst ýmsum rannsóknum á atvinnusjúkdóum og þjóna þannig atvinnustéttunum og heilbrigðismálunum í heild. Vafalaust verður rekstur rannsóknarstöðvarinnar þó aðalviðfangsefni Hjartaverndar næstu árin, hvað sem síðar verður.

Nú hefur þú, Sigurður, helgað Hjartavernd mikið af starfskröftum þínum frá stofnun samtakanna fyrir sautján árum? Er hugur þinn enn ekki sá sami til þessa viðfangsefnis?

Hugurinn er sá sami og viðfangsefnið er eins knýjandi og áður. Að vísu viljum við gjarnan trúá því að nokkuð hafi áunnist og dánartíðni af völdum hjarta- og æðasjúkdóma fari lakkandi. En meðan hartnær helmingur dauðsfalla er af völdum þessara sjúkdóma er ærið verk að vinna. Ég tel það mesta gæfu mína og samtakanna að við stofnun þeirra völdust þar í stjórn hver öðrum betri ágætismenn sem sniðu samtökunum þann stakk sem allir mega vera þakkláttir fyrir og raun ber vitni. Í öðru lagi bættist mér með árunum góður liðstyrkur í starfi mínu í lyflækningardeild Landspítalans. Þegar ég hóf þar störf voru samstarfsmenn mínr fáir en ágætir. Með árunum jókst tala sérfræðinga sem að sjálfsögðu léttu mér störfin og hjálpuðu mér við uppbyggingu deildarinnar. Af þeim sökum gat ég beint áhuga mínum og hugsunum jafnframt að skipulagningu og starfsemi Hjartaverndar. Á síðustu árum hefur lyflækningadeildin haft svo góðum mannafla á að skipa að ég hef getað sinnt Hjartavernd í töluverðum mæli. Auðvitað vonast ég til að geta gert það áfram þótt aldurinn hækki. Ég veit ekki hvað lengi ég tel mig vera þess umkominn að vera formaður samtakanna en ég vona fastlega að ég geti lagt málefnum lið lengi enn og gripið í störf á rannsóknarstöðinni ef svo ber undir. Það er a.m.k. ósk míni og von.

S.J.

## Fraðslufundur í Keflavík

Fimmtudaginn 22. október var haldinn fræðslufundur um hjartasjúkdóma og hjartavernd í Keflavík. Knútur Höiði í Keflavík undirbjó fundinn í samráði við skrifstofu Hjartaverndar. Rótarýklúbbur Keflavíkur bauðst til að hafa fundinn í framhaldi klúbbfundar til að fá ákveðinn kjarna fundarmanna. Þannig var fundurinn vel sóttur og tókst hið besta. Dr. Gunnar Sigurðsson og Nikulás Sigfusson fluttu erindi, en Stefán Júlíusson kynnti læknana í upphafi fundarins. Fyrirspurnir voru margar og almennur áhugi meðal fundarmanna.



# Það er notalegt að eiga allt sitt á þurru!

Þú hefur komið þér vel fyrir.

Átt íbúð, fallega húsmuni, páfagauk sem býður „góðan dag“ og fjárfestir nýlega í dýrindis gólftæppi horna á milli.

Allt þitt á þurru, ekki satt?

En hefurðu tekið tryggingamálin inní myndina? Það hefur mörgum góðum manninum láðst, um það vitnar mörg sorgarsagan. Kynntu þér tryggingavalkostí Samvinnutrygginga, þeir eru margir og koma til móts við þínar þarfir.

Pannig sýnir þú skynsemi og finnir þig óþarfa áhyggjum.

Skynsamt folk  
velur trúast  
tryggingafélag



## SAMVINNU TRYGGINGAR GT

Ármúla 3, sími 81411. Umboðsmenn um land allt.

AUGLYSINGASTOFA KRISTINAR 62-59

# Ársskýrsla

## Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar

Starfsárið 1/7 1980 – 30/6 1981

Nikulás Sigfússon yfirlæknir tók saman.

### Almennt yfirlit.

Eins og getið var í síðustu ársskýrslu var starfsári stöðvarinnar breytt á s.l. ári til samræmis við breytingu á fjárhagsári. Nær skýrsla þessi yfir tímabilið 1. júlí 1980 til 30. júní 1981.

Eins og nokkur undanfarin ár hefur rannsóknarstöðin verið rekin með hálffum afköstum. Hefur fjárhagur samtakanna ekki leyft neina aukningu starfseminnar. Hafa því daglega verið boðaðir 15 einstaklingar til skoðunar en þar sem hver einstaklingur þarf að mæta tvisvar hafa um 30 gestir komið á stöðina daglega.

Starfslið stöðvarinnar hefur að mestu verið hið sama og áður. Mestan hluta starfsársins störfuðu 14 manns á stöðinni þar af 3 í fullu starfi, aðrir í 1/2 starfi eða minna. Hólmfríður Gunnarsdóttir var hjúkrunarforstjóri stöðvarinnar um fjögurra mánaða skeið í forföllum Sigríðar Einvarðsdóttur. Eru Hólmfríði þökkuð vel unnin störf þennan tíma. Aðrar breytingar á starfsliði urðu ekki á árinu.

Meiri háttar breytingar urðu ekki í tækjabúnaði rannsóknarstöðvarinnar. Flest taki stöðvarinnar hafa verið í notkun frá því stöðin tók til starfa haustið 1967 eða um 14 ár. Endurnýjun margra þeirra er því orðin aðkallandi. Á þetta einkum við sjálfvirkan efnamæli á rannsóknarstofu en sama gildir um hjartalínuriststæki og öndunarmæli. Er fyrirsjánlegur verulegur kostnaður við tækja-kaup í náinni framtíði.

Rannsóknaraðferðir voru óbreyttar á árinu enda nauðsynlegt í ferilrannsóknum að aðferðum sé ekki breytt á rannsóknartímabilinu. Stöðlun aðferða hefur eins og áður farið fram í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnuninna.

Aðalverkefni stöðvarinnar á starfsárinu var 4. áfangi hóprannsóknar karla á Reykjavíkursvæðinu. Þessi áfangi höfst í maí 1979 og höfðu í upphafi starfsársins verið rannsakaðir 1.766 karlar úr þessum hóp. Á árinu voru rannsakaðir 1.420 til viðbótar og var þessum áfangi karlarannsóknar því sem næst lokið og undirbúningur hafinn að samsvarandi rannsókn á konum. Samkvæmt tilvísunum lækna voru rannsakaðir 1.057 einstaklingar. Í einstökum prófum eða rannsóknum voru 20 einstaklingar. Alls voru þannig rannsakaðir 2.497 einstaklingar á starfsárinu (Sjá töflu I).

Úrvinnslu gagna var haldið áfram með svipuðum hætti og áður. Lokið var einni ítarlegri heimildarskýrslu og 12 styttri greinum eða skýrslum er birtar voru í innlendum og erlendum læknatímaritum.

### Rannsóknir á Reykjavíkursvæðinu.

#### Fjórði áfangi karlarannsóknar.

Eins og getið var í síðustu ársskýrslu var á s.l. starfsári ákvæðið að bæta við einum áfangu við hóprannsóknina á Reykjavíkursvæðinu. Á mynd 1. er sýnt hvernig þáttakendur hafa verið valdir og boðaðir en val kvennahóps er samsvarandi nema þær elstu voru fæddar 1908 og þær yngstu 1935.

Þessi áfangi karlarannsóknar höfst í maí 1979 og var langt komið í lok starfsársins. Boðun hefur verið með sama hætti og áður, þ.e. boðsbréf verið sent öllum þáttakendum, annað boðsbréf þeim er ekki svöruðu því fyrsta og síðan reynt að bjóða símleidið þeim er hvorugu boðsbréfi svöruðu. Prátt fyrir mikla vinnu sem lögð hefur verið í þessa boðun virðist heildar þátttaka ætla að verða nokkuð minni en í 3. áfangi.

Upphaflega (1967) voru þáttakendur sem boðaðir voru í 4. áfangi 5.238 en er 4. áfangi höfst voru 563 þeirra látnir þannig að alls voru boðaðir í þennan áfangu 4.675 karlar. Í lok starfsársins höfðu 3.186 þeirra verið rannsakaðir.


Hóprannsókn Hjartaverndar á Reykjavíkursvæðinu. Yfirlit yfir áfanga rannsóknarinnar 1967- '81. Karlar.

Hópur A: Þátttakendur fæddir 3., 6., 9., o.s.frv. hvers mánaðar árin 1907, '10, '12, '14, '16, '17, '18, '19, '20, '21, '22, '24, '26, '28, '31 og '34

Hópur B: Þátttakendur fæddir 1., 4., 7., o.s.frv. hvers mánaðar sömu ár og hópur A og C.

Hópur C: Þátttakendur fæddir 2., 5., 8., o.s.frv. hvers mánaðar sömu ár og A og B.

Hópur D: Þátttakendur fæddir 1., 4., 7., o.s.frv. hvers mánaðar árin 1908, '09, '11, '13, '15, '23, '25, '27, '29, '30, '32 og '33.



## Rannsóknir utan Reykjavíkursvæðisins.

Engar rannsóknir fóru fram úti á landi á þessu starfsári. Fyrirhugað er að næsta rannsóknarsvæði verði Vestmannaeyjar og er undirbúningur að þeirri rannsókn hafinn.

## Aðrar rannsóknir.

### Tilvísanir.

Eins og áður hefur verið rannsakað fólk samkvæmt tilvísunum lækna. Hefur þetta fólk verið rannsakað á sama hátt og þáttakendur í kerfisbundnu rannsókninni. Á árinu voru rannsakaðir 642 karlar og 415 konur samkvæmt tilvísunum eða alls 1.057. Er þetta nokkru minni fjöldi en undanfarin ár en þessi tala hefur oftast verið á bilinu 1.200 -1.500.

Tuttugu einstaklingar komu í einstök próf eða rannsóknir og aðsend blöðsýni til efnamælinga voru 46. (Tafla I)

## Samstarf við innlenda og erlenda aðila.

### Samstarf við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO).

Á starfsárinu lauk rannsókn á háþrystingi („Community Control of Hypertension“) í ýmsum löndum en Rannsóknarstöð Hjartaverndar hefur tekið þátt í þeirri rannsókn eins og lýst hefur verið í fyrra árs skýrslum.

Unnið er nú að skýrslu um niðurstöður þessara rannsókna á vegum stofnunarinnar.

Á starfsárinu bárust tilmæli frá WHO til heilbrigðisyfirvalda hér að Íslendingar tækju þátt í rannsókn á vegum

## Tafla 1.

Fjöldi einstaklinga, sem rannsakaðir voru á starfsárinu 1/7 1980 – 30/6 1981 eftir mánuðum.

Mánuðir	IV. áfangi Hóprannsóknar í Rvk.	Samkv. tilvísun læknis		Einstaklingar í einstökum prófum	Aðsend blöðsýni
		Karlar	Konur		
Júlí	1980	14	7	3	
Ágúst	"	81	57	47	2
Sept.	"	168	58	47	4
Okt.	"	186	54	34	4
Nóv.	"	153	69	52	8
Des.	"	110	49	19	5
Jan.	1981	134	56	32	7
Feb.	"	146	53	23	5
Marz	"	111	90	50	2
Apríl	"	112	46	34	2
Máí	"	127	53	30	3
Júní	"	78	50	44	5
Alls		1.420	642	415	47

stofnunarinnar á tíðni kransæðastíflu og slags („Multi-national monitoring of trends and determinants in cardiovascular disease“) Er gert ráð fyrir að fylgst verði með tíðni þessara sjúkdóma næstu 10 árin og gerðar kannanir á nokkrum áhættuþáttum þessara sjúkdóma meðal úrtaks þjóðarinnar þrívegис á þessu tímabili.

Nokkur undanfarin ár hefur dauðsföllum í þessum sjúkdómum fækkað verulega í ýmsum löndum og telur WHO mjög mikilvægt að afla haldgöðra upplýsinga um breytingar á dánartíðni í þessum sjúkdómum í ýmsum löndum svo og hverjar orsakir þessara breytinga kunna að vera. Slíkar upplýsingar hafa augljóslega mikla þýdingu þegar ráðgera á fyrirbyggjandi aðgerðir. Samkvæmt tilmælum landlæknis og boði WHO sat yfirlæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar nýlega fund WHO þar sem skipulag þessara rannsókna var til umræðu. Framkvæmdastjórn Hjartaverndar hefur til athugunar að Rannsóknarstöð Hjartaverndar takist þetta verkefni á hendur.

### Samanburðarrannsókn á Vestur-Íslendingum búsettu í Kanada og Íslendingum búsettu á Íslandi.

Þessari rannsókn var lýst í síðustu ársskýrslu. Hér er um að ræða samanburðarrannsókn á Íslendingum búsettu í Kanada og á Íslandi fyrst og fremst með tilliti til hjarta- og æðasjúkdóma. Kransæðadauðsföll virðast allt að því helmingi algengari meðal Vestur-Íslendinga sem búsettur eru í Manitoba-fylki í Kanada en meðal Íslendinga búsettra á Íslandi. Líklegt er að skýringar á þessum mun sé að leita í mismunandi lífnaðarháttum og/eða umhverfi. Rannsókninni er ætlað að leiða í ljós í hverju þessi munur er fólginn. Fyrsta áfanga þessarar rannsóknar er lokið en árin 1979 og 1980 voru rannsakaðir 530 einstaklingar á aldrinum 7-60 ára sem búsettar voru á Fljótdalshéraði.

Á árinu hefur verið unnið að uppgjöri á niðurstöðum þessa fyrsta áfanga (sjá skýrslu úrvinnslustjórnar).

Næsti áfangi þessara rannsókna er samsvarnadi hóprannsókn á Vestur-Íslendingum og er að því stefnt að hún geti farið fram á næsta ári.

### Hjartaskrá.

Ákvæðið var í samráði við landlæknir að Hjartavernd kæmi upp og hefði umsjón með s.k. hjartaskrá. Hér er um að ræða skrásetningu allra tilfella kransæðastíflu sem fyrir koma á hverju ári á landinu öllu.

